

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundardagskrá 30.04.2020

21. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 14.30

Mætt: Porkell Gíslason, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Drífa Árnadóttir og Hrefna Jóhannesdóttir.

Fundargerð:

1. Fjárhagsleg málefni

a) Ársreikningar 2019.

Skil á ársreikningum Akrahrepps er frestað til 15. júní 2020. Samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga. Öllum sveitarstjórnnum er nú heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2019, sem fela í sér tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. og 4. mgr. 61. gr. og 2. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Um að ársreikningur verði fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð, og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. maí 2020 í stað 15. apríl sama ár.
2. Um að ljúka staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess fyrir 15. júní 2020 í stað 15. maí sama ár.
3. Um að senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, fyrir 20. júní 2020 í stað 20. maí sama ár.

Heimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gildir til 20. júní 2020.

b) Afleiðingar af COVID-19 á fjármál Akrahrepps. Lækkun mánaðarlegra greiðslna vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna hefur boðað 12,5% lækkun á áætluðum mánaðargreiðslum til sveitarfélaganna í ljósi væntanlegs samdráttar á tekjum sjóðsins. Sveitarfélagið Akrahreppur tekur undir með sambandi íslenskra svf. og hvetur ríkið til þess að tryggja nægilegt fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna svo ekki komi til skerðingar á framlögum til svf. Sveitarfélögin verða að hafa nægt fjárhagslegt svigrúm til þess að halda uppi nauðsynlegri grunnþjónustu fyrir marga hópa, og því setur þessi boðaða tekjuskerðing svf. í mjög erfiða stöðu á sama tíma og hvatt er til að ráðist sé í auknar framkvæmdir og afsláttur gefinn af tekjustofnum.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerðir Markaðsstofu Norðurlands 6. og 21. apríl 2020.
- Fundargerð 94. fundar stjórnar Norðurár bs, 8. apríl 2020.
- Fundargerðir 881. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 54. fundar stjórnar SSSNV, 7. apríl 2020.
- Fundargerð 14. fundar Þjónusturáðs, 6. apríl 2020.

- Verkefnanefnd vegna uppbyggingar skólamannvirkja í Varmahlíð.

3. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands um átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi.

Hreppsnefnd Akrahrepps staðfestir þátttöku í átakinu og er oddvita falið að koma málinu í réttan farveg.

4. Erindi frá BB14 ehf. Óskað eftir styrk við að koma á fót útfararþjónustu á Norðurlandi vestra.

Hreppsnefnd Akrahrepps hafnar styrkbeiðninni.

5. Erindi varðandi skilti við Djúpadalsveg – óskað eftir leyfi til uppsetningar skiltis og þátttöku hreppsins varðandi kostnað.

Leyfi veitt og Vegagerðinni falið að sjá um framkvæmd.

6. Vakin athygli á úthlutunum úr smávirðjanasjóði Norðurlands vestra – skref 1.

<http://www.ssnv.is/is/moya/news/category/1/hefurdu-ahuga-a-ad-virkja-laekinn-thinn-1>

7. Drög að tillögu að matsáætlun Blöndulínu 3

Hreppsnefnd Akrahrepps fagnar því að Landsnet ætlar að meta Kiðaskarðsleið og Hörgárdalsheiði sem raunhæfan valkost við lagningu Blöndulínu 3.

8. Fjallskilamál Akrahrepps

Erindi barst frá MAST þar sem farið er fram á það við Akrahrepp að sækja eina kind og tvo gemlinga í Merkgil í Austurdal fyrir 4. maí nk. Stefnt er að því að verða við beiðninni hið fyrsta.

Fjallskilastjóri leggur til eftirfarandi varðandi fjallskil haustið 2020:

- Fyrri heimfjallasmölun laugardaginn 5. september.
- Fyrstu göngur 11. – 13. september og réttir mánudaginn 14. september.
- Aðrar göngur 19. – 20. september.
- Seinni heimfjallasmölun 3. október.
- Eftirleitum sé lokið fyrir 15. október.

9. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.